

Alþingi

Erindi nr. B 120/710

komudagur 24/1 1996


Reykjavík 19. Janúar 1996

Umhverfisnefnd Alþingis

Varðar: Tillögu til þingsályktunar um verndun jarðhitasvæðisins við Geysi í Haukadál

- Eigendur Tortu fagna umræðu um framtíð og varðveislu Geysissvæðisins sem er ómetanleg náttúruperla og eru reiðubúnir til umræðu um það mál. Eigendur Tortu hafa áður lýst áhuga á því að íslenska ríkið leysi til sín þann hluta Geysissvæðisins sem er innan girðingar og er enn óskipt land. Eigendur Tortu hafa þó alla tíð krafist bóta fyrir eignarhluta sinn ef svo yrði.
- Þingsályktunartillagan gengur þó mun lengra en áður hefur verið rætt um og viljum við benda hæstvirtri Umhverfisnefnd á að í tillögunni felst að mestallt land Tortu verði eign ríkisins. Svo getur ekki orðið nema ríkið kaupi Tortu alla. Þó svo við teljum að hér sé fulllangt gengið þá erum við þó tilbúnir til viðræðna um friðun svæðisins innan þeirra marka sem aðalskipulag Geysissvæðisins setur. Vilji ríkið hins vegar ganga lengra verður það að óska eftir viðræðum við eigendur Tortu. Verði svo áskiljum við okkur réttmætar bætur fyrir jörðina og einnig jarðhitaréttindi. Rétt er að geta þess að aðalskipulagi fyrir Geysissvæðið er gert ráð fyrir sumarhúsabyggingu í landi Tortu og höfum við ráðið skipulagsfræðing til að skipuleggja það svæði og er sú vinna vel á veg komin.
- Eigendur Tortu fagna því að jarðhitasvæðið við Geysi verði rannsakað með það fyrir augum að varðveita svæði í svipuðu ástandi og það er nú.
- Eigendur Tortu áskilja sér þó rétt til nýtingar jarðhita á landi sínu - verði sá réttur skertur áskiljum við okkur réttmætar bætur.
- Eigendur Tortu fagna einnig því ef ríkið gengst fyrir því að aðstaða og umgengi við Geysissvæðið verði bætt.

F.h. erfingja
Guðfinns Þorbjörnssonar



F.h. erfingja
Páls Einarssonar



- Undirritaður, fulltrúi stjórnar Minningarsjóðs Ársæls Jónassonar, tekur undir allt það sem að ofan er skráð en vill benda Umhverfisnefnd á að samkvæmt erfðaskrá Ársæls Jónassonar er sjóðsstjórn óheimilt að selja eigur sjóðsins og því yrði að koma til eignarnám af hálfu ríkisins. Stjórnin áskilur sér réttmætar bætur vegna hugsanlegrar skerðingar á eign sjóðsins.

F.h. Minningarsjóðs Ársæls Jónassonar

